

**Mál nr. 61/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. febrúar 2022, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 15. mars 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Tölvupóstur V dags. 28. mars 2022.
4. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 28. mars 2022.

**Málsatvik.**

M varð fyrir líkamstjóni er hún var farþegi í hægra aftursæti bifreiðarinnar PG-427 (A) sem valt á Þorlákshafnarvegi um kl. eitt aðfaranótt 28. nóvember 2020. B, ökumaður A, var undir áhrifum áfengis. Tekið var úr honum blóð í þágu rannsóknar málsins kl. 2:25 og áfengismagn í því sýni mældist 1,6%. Næst var dregið úr honum blóð kl. 3:26 og áfengismagn í því sýni mældist 1,47%. Loks var tekið úr honum blóð kl. 4:29 og í því sýni mældist áfengismagn 1,32%. Að mati Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, sbr. bréf dags. 27. janúar 2021, má ætla að áfengismagn í blóði B um það leyti sem slysið varð hafi verið um 1,9%. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir M að B hafi verið að leika sér að því að aka glæfralega fyrir um kvöldið og verið ölvaður. Í framburðarskýrslu sem tekin var af M hjá lögreglu þann 28. nóvember 2020 kvaðst M hafa drukkið áfengi umrætt kvöld og að allir sem voru í bílnum hafi verið undir áhrifum áfengis. B hafi ekið bifreiðinni á allt að 180-190 km/klst í aðdraganda slyssins en hún gat ekki sagt til um hversu hratt hann ók þegar bifreiðin valt. Kvað M ekki hafa séð B drekka meðan á akstrinum stóð eða eftir slysið og sagði jafnframt að B hafi sagt henni að hann væri drukkinn. Við skýrslutöku hjá lögreglu 3. desember 2020 kvaðst B viðurkenna að hann hafi ekið undir áhrifum áfengis. Hann hafi svo ekið eftir Þorlákshafnarvegi í átt að Hveragerði á um 95-100 km hraða er vindhviða hafi komi á A og við það hafi A farið út af veginum og oltið. Næst muni hann eftir sér að eftir að hafa farið út úr A í gegnum framrúðuna og staðið svo fyrir utan A. Kvaðst B hafa verið búinn að drekka um 3-4 stóra bjóra í gleri, 500 ml að hann taldi. Hann kvaðst ekki hafa verið ölvaður en fundið lítilliga til áfengisáhrifa, en hann hafi verð í “*mest ökuhæfasta ástandi*“ af þeim sem voru í A og því hafi hann ekið. Hann hafi byrjað að drekka um kl. 21:00 og hætt að drekka skömmu áður en slysið varð. M gerði kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A og samþykkti V bótaskyldu að 1/3 hluta.

M hafnar því að hún hafi vitað að ökumaður bifreiðarinnar hafi neytt áfengis fyrir aksturinn. Hvergi komi fram í lögregluskýrslu á hvaða tímapunkti umrætt kvöld M hafi orðið kunnugt um ölvun ökumanns. M hafi ekkert þekkt ökumanns, hafi hitt hann í fyrsta skipti umrætt kvöld. M hafi ekki vitneskju um ástand B fyrir en eftir að hún var sest upp í bíl.

V hefur hafnað greiðsluskyldu að hluta og telur að skerða eigi bætur til M um 2/3 hluta vegna stórfellds gáleysis. Telur V að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir svo miklum áhrifum áfengis að það gat ekki dulist M eða öðrum farþegum bifreiðarinnar þegar þeir tóku sér far með bifreiðinni fyrir slysið.

**Álit.**

Samkvæmt 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 telst ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki ef magn vínanda í blóði hans nemur 1,20% eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,60 milligrömmum í lítra lofts eða meira.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjetryggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Enn fremur er mælt fyrir um það í 4. mgr. sömu lagagreinar að bætur fyrir líkamstjón má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

M var 17 og ½ árs gömul þegar slysið varð. Hún hafði verið með B í A nær samfelld frá kl. 22 um kvöldið fyrir slysið og m.a. komið við í bílskúr eða verkstæði þar sem B kvaðst hafa neytt áfengis. Þá verður að telja yfir allan vafa undirorpið að B var undir það miklum áfengisáhrifum að M gat ekki dulist ástand B að þessu leyti. Því getur ekki breytt þótt M hafi sjálf verið undir áfengisáhrifum. Af þeim sökum var hún meðvöld að líkamstjóni því sem hún varð fyrir af stórkostlegu gáleysi. Gáleysið var verulegt. Að öllu athuguðu, þar á meðal tiltölulega ungum aldur M, þykir rétt að skerða bætur til hennar um helming, sbr. einnig úrskurð nefndarinnar í máli nr. 414/2021 og að sama skapi telst hún eiga rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir